

Menntaskólinn á Akureyri
Haustönn 2012
STÆ2A 050
Raungreinasvið, 1. bekkur
Undanfari: Enginn

Kennarar:
Hólmfríður Þorsteinsdóttir, 1F og 1H
Ingvar Þór Jónsson, 1G og 1I
Valdís Björk Þorsteinsdóttir, 1E

Kennsluáætlun

Efni áfangans:

- Meginefni áfangans er talnareikningur, algebra, hnitárúmfræði og hlutfallareikningur.
- Helstu efnispættir eru talnareikningur, liðun, þáttun, algebrubrotareikningur, veldi, rætur, jöfnur, ójöfnur, jöfnuhneppi, annars stigs jöfnur og ójöfnur, algildi, algildisjöfnur, talnalínan, hlutföll, einingaskipti, prósentur, vextir og mengi.
- Aðaláhersla áfangans er á þjálfun í dæmareikningi og að nemendur geti beitt þeim reglum og aðferðum sem þeir læra við lausn margs konar verkefna. Einnig verður lögð talsverð áhersla á rétta notkun algengra stærðfræðitákna, skipulagða framsetningu og röksemdafærslu stærðfræðinnar m.a. með sönnunum á nokkrum helstu reglum námsefnisins.

Námsefni:

- STÆ103 og STÆ203 eftir JNS
- Hefti fyrir 1. bekk eftir H&V, fæst í afgreiðslu síðar á önn

Námsmat

- Standast þarf lokapróf til að aðrir námspættir reiknist inn í einkunn. Námsmat skiptist þá þannig: Lokapróf 60% og annareinkunn 40% en þó aðeins til hækkunar. Annareinkunn skiptist þannig: 60% tímapróf (þrjú bestu af fjórum), 30% heimadæmi og 10% kennaraeinkunn.
- Tímaprófin verða: 3. október, 24. október, 21. nóvember og 12. desember.
- Skiladagar heimadæma: 26. september, 17. október, 14. nóvember og 5. desember.
- Dagsetningar prófa og heimadæma geta hugsanlega hliðrast.

Um skil heimadæma

Heimadæmum skal skilað í hólf við skrifstofu stærðfræðideildar hjá stofu M5 fyrir lokun húsa á skiladögum. Sé dæmum skilað degi seinna (á fimmtudegi) dragast 2 heilir frá einkunn og sé þeim skilað tveimur dögum seinna (á föstudegi) dragast 4 heilir frá einkunn. Ekki er tekið við heimadæmum síðar.

Ef nemandi hefur ekki tök á því að skila heimadæmum á tilsettum tíma skal hann hafa samband við kennara áður en skilafrestur rennur út.

Kennsluáætlun

Vika	Efni	Kaflar
1.	Forgangsröðun aðgerða, heil veldi, ferningsrætur	103: 1.1, 1.2A og 1.3
2.	Jöfnur með einni óþekktri stærð, línulegar ójöfnur, jöfnuhneppi	103: 1.4
3.	Hlutföll, einingaskipti	103: 2.1A og 2.1B
4.	Prósentur, vextir,	103: 2.1C og 2.2
5.	Mengi, frumtölur, frumþáttun	203: 1.1, 1.2 og 2.1A
6.	Deiling með afgangi, almenn brot	203: 2.1B og 2.2A
7.	Lotutugabrot, brotabrot, stærðtákn og liðun	203: 2.2B, 2.2C og 3.1 103: 1.2B
8.	Þáttun	103: 1.2C 203: 3.1
9.	Brotareikningur	203: 3.2
10.	2. stigs jöfnur, heil veldi	203: 4.1A og 5.1
11.	Rætur, brotin veldi	203: 5.2 og 5.3
12.	Talnalínan, algildi, bil, 2. stigs ójöfnur	Hefti